

Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Suðurnesjabæjar

1. gr.

Tilgangur Ungmennaráðs er að vera bæjarstjórn, bæjarstjóra og nefndum Suðurnesjabæjar til ráðgjafar um málefni ungs fólks í bæjarfélaginu á aldrinum 13 til 20 ára.

Einnig er tilgangur ráðsins að þjálfa ungmenni í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum, áherslum og tillögum til bæjarstjórnar. Þannig hafa þau áhrif á nærumhverfi og aðstæður ungmenna í sveitarfélaginu. Ráðið skal gæta þess í störfum sínum að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungmenna í sveitarfélaginu.

2. gr.

Ungmennaráð er skipað sjö fulltrúum, kosnum af bæjarstjórn, til tveggja ára í senn, sbr. samþykkt um ungmennaráð Suðurnesjabæjar.

Fulltrúar skulu vera á aldrinum 13 til 20 ára og vera með lögheimili í sveitarfélaginu. Nefndarmanni er heimilt að sitja í ráðinu út það ár sem hann veður 20 ára. Ráðið skal skipað eftirfarandi fulltrúum:

- Einn fulltrúi frá Gerðaskóla ásamt varamanni og einn fulltrúi frá Sandgerðisskóla ásamt varamanni.
- Einn fulltrúi frá Björgunarsveitinni Sigurvon ásamt varamanni og einn frá Björgunarsveitinni Ægi ásamt varamanni. Deildirnar skipta með sér aðal og varamanni annaðhvert ár. Skal fulltrúi Sigurvonar sitja fyrsta ár nefndar sem aðalmaður og fulltrúi Ægir það næsta.
- Einn frá Knattspyrnufélaginu Víði ásamt varamanni og einn frá Knattspyrnufélaginu Reyni ásamt varamanni. Félögin skipta með sér aðal- og varamanni annaðhvert ár. Skal Knattspyrnufélagið Víðir sitja fyrsta ár nefndar sem aðalmaður og fulltrúi Reynis það næsta.
- Einn fulltrúi frá félagsmiðstöðinni Skýjaborg ásamt varamanni og einn fulltrúi frá félagsmiðstöðinni Eldingu ásamt varamanni.
- Einn fulltrúi nemenda á framhaldsskólastigi ásamt varamanni.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fundir skulu haldnir að jafnaði sex sinnum á ári eða eins oft og þurfa þykir en þó innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt. Fulltrúar í ungmennaráði skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum ráðsins. Fulltrúi skal víkja af fundi, og er heimilt að kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.



3. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann og skal kosið í embættin á hverju hausti.

Formaður ráðsins stýrir málefnalega fundum skv. samþykkt um fundarsköp bæjarstjórnar. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

4. gr.

Hlutverk ungmennaráðs eru;

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi Suðurnesjabæjar,
- að gæta hagsmuna ungs fólks, t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
- að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva fyrir ungt fólk í Suðurnesjabæ,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks.

5. gr.

Helstu verkefni ungmennaráðs eru:

- að efla þátt ungmenna í starfsemi sveitarfélagsins í málefnum er snerta ungmenni.
- að undirbúa árlegt þing ungs fólks í Suðurnesjabæ í samstarfi við viðeigandi stofnanir og forstöðumenn,
- að gera tillögu að verkefnum ungmennaráðs fyrir fjárhagsáætlun ár hvert.
- að koma í framkvæmd verkefnum ungmennaráðs er fram koma í fjárhagsáætlun.
- að vera bæjarstjórn, ráðum og starfsmönnum bæjarins til ráðuneytis er snýr að málefnum ungmenna.
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

6. gr.

Starfsmaður ráðsins er deildarstjóri frístundamála og situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi ráðsins og sér um ritun fundargerða, nema ráðið ákveði annað. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir ráðsins eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál.



7. gr.

Um fundarsköp og ritun fundargerða ungmennaráðs gilda samþykkt fundarsköp bæjarstjórnar. Starfsmaður ráðsins boðar til fundar með dagskrá í samráði við formann ráðsins.

8. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs.

Tillaga að fjárveitingu næsta árs skal unnin af ráðinu í samstarfi við starfsmann ráðsins og fjármálastjóra og kynnt bæjarstjórn á haustmánuði.

9. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt.

Ráðið skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð mála

Sett með heimild í 44. gr. samþykktu um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 450/2018 með síðari breytingum.

Samþykkt á 32. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 3. febrúar 2021.

